

## Skýrsla tækninefndar áhaldafimleika kvenna (TKV)

Mótatímabilið 2020-2021 litaðist mjög af Covid-19 þar sem fella þurfti niður allt mótahald á haustönn 2020 Mótahald vorannar gekk með ýmsum takmörkunum en að lokum náðist þó að halda öll mót sem voru á upphaflegri dagsskrá. Keppni gekk vel og þrátt fyrir lokanir v. Covid náðist ágætis árangur.

### Tækninefnd áhaldafimleika kvenna 2020-2021

- Auður Ólafsdóttir, formaður
- Sandra Matthíasdóttir, varaformaður
- Hildur Ketilsdóttir, ritari
- Eir Andradóttir, meðlimur
- Ragna Þyri Ragnarsdóttir, meðlimur
- Þorbjörg Gísladóttir, starfsmaður skrifstofu FSÍ

Tækninefnd kvenna í áhaldafimleikum (TKV) hefur yfirumsjón með mótahaldi og keppnisfyrirkomulagi í íslenska fimleikastiganum og frjálsum æfingum. Ásamt því að sinna menntun dómara og niðurröðun þeirra á verkefni héraendis og erlendis.

### Mótahald innanlands

Mótatímabilið 2020-2021 litaðist mjög af Covid-19 þar sem fella þurfti niður allt mótahald á haustönn 2020 Mótahald vorannar gekk með ýmsum takmörkunum en að lokum náðist þó að halda öll mót sem voru á upphaflegri dagsskrá. Keppni gekk vel og þrátt fyrir lokanir v. Covid náðist ágætis árangur.

Í þrepum var gerð sú breyting vegna Covid að á Íslandsmóti í þrepum og fengu allir þeir sem keppt höfðu í þrepi á tímabilinu leyfi til að keppa á því móti.

Í frjálsum æfingum var GK-meistaramót sameinað við Íslandsmót í þrepum þar sem helgar tímilsins voru ekki nægilega margar til að koma til móts við alla.

Á öllum mótum voru aðeins verðlaunahafar kallaðir upp vegna fjölda og nálægðar takmarkana og gekk það vel.

Allar breytingar/aðlaganir komu vel út og í skoðun er hjá TKV hvort ekki sé hægt að nýta eitthvað áfram þrátt fyrir að Covid sé að ljúka.

Met fjöldi var í keppni í 4.-5.þrepi en þetta var síðasta keppnistímabilið í þessum íslenska fimleikastiga en nýr stig verður innleyddur haust 2021.

### Innlend mót sem voru á dagskrá veturinn 2020-2021

- Haustmót í 1. - 3. þrepi og frjálsum æfingum. Fellt niður
- Prepamót I - 4 og 5 þrepi. Fellt niður
- Prepamót 1. - 3. þrep.
- Prepamót II - 4. og 5. þrep.
- Bikarmót FSÍ 1. - 3. þrep og frjálssar æfingar.



- Prepamót III - 4. og 5. þrepi -
- Íslandsmót í 1. - 3. þrepi
- Íslandsmót í frjálsum
- GK meistaramót

## Erlend mót

Keppnistímabilið 2020-2021 litaðist mjög af Covid. 4 konur keppt þó á Evrópumót sem fram fór í Sviss og þrátt fyrir ástandið náðist mjög góður árangur

Mörg spennandi verkefni eru framundan hjá TKV og við þökkum félögum fyrir samstarfið á tímabilinu.

F.h. Tækninefndar kvenna (TKV)

Auður Ólafsdóttir

Formaður

## Skýrsla tækninefndar áhaldafimleika karla

Tækninefnd í áhaldafimleikum karla hóf störf í nóvember 2020 með kickoff fundi á Teams og deildi þar út störfum innan nefndarinnar. Nefndin hefur haldið einn fund þar sem dómaramál og framtíð íslenska fimleikastigans voru rædd. En það eru einmitt helstu verkefni nefndarinnar. Venja er að nefndarfólk skiptist á að starfa sem tengiliður við skrifstofu við aðstoð á mótum. Íslenskir fimleikamenn halda áfram að bæta sig og sanna það með góðum árangri á erlendum mótum, eins og það að komast í úrslit á Evrópumóti. Nefndin mun vinna að því að uppfæra íslenska fimleikastigann í samráði við þjálfara og dómara í greininni og hafa uppfærslu tilbúna fyrir haustið 2021. Það er knappur tími en saman getum við vonandi eignast góðan fimleikastiga.

### Tækninefnd áhaldafimleika karla 2020-2021

- Sigurður Hrafn Pétursson, formaður
- Daði Snær Pálsson, varaformaður
- Eva Hrunn Gunnarsdóttir, ritari
- Anton Heiðar Þórólfsson, meðlimur
- Hróbjartur Pálmar Hilmarsson, meðlimur
- Sæunn Viggósdóttir, starfsmaður skrifstofu FSÍ

### Hlutverk nefndar

Tækninefnd mótar stefnu FSÍ í áhaldafimleikum karla, leggur grunn að jákvæðri ímynd fimleika og stuðlar að bættum árangri iðkenda. Þá fer nefndin með önnur þau verkefni sem stjórn FSÍ felur henni. Nefndin sér um að mennta dómara og endurskoða og endurmeta íslenska fimleikastigann. Nefndin aðstoðar skrifstofu við skipulag og uppsetningu á mótaskipulagi.

### Helstu verkefni á árinu

- Stofnun nefndarinnar
- Haust tímabil féll niður
- Evrópumót í áhaldafimleikum sem fór fram í Tyrklandi

### Innlend mót sem voru á dagskrá veturinn 2020-2021

- Þrepamótið fóru fram án áhorfenda.
- Bikarmót fóru fram með takmörkunum á fjölda áhorfenda og myndbandsupptöku í beinu streymi á netinu. Fjölirnir keppti í fyrsta sinn með lið í frjálsum æfingum.

### Erlend mót

#### Evrópumót í áhaldafimleikum

Evrópumótið fór fram í Tyrklandi í desember 2020. Ísland sendi tvo keppendur í karlaflokki á mótið, þá Valgarð Reinhardsson og Jónas Inga Þórisson. Róbert Kristmannsson, landsliðsþjálfari og þjálfari þeirra beggja, fór með þeim á mótið.

Valgarð Reinhardsson keppti í fullorðins flokki á mótinu og Jónas Ingi í unglingsflokki. Árangur Íslands á mótinu er sögulegur, en aldrei áður í sögunni hefur keppandi í unglingsflokki frá Íslandi komist í úrslit á Evrópumóti, hvorki í fjölþraut né einstökum áhöldum og það tókst Jónasi Inga hvort tveggja. Valgarð stóð sig einnig stór vel á mótinu.

Jónas Ingi var 7. maður inn í úrslitin með einkunnina 13,316 úr báðum stökkunum. Í úrslitunum stóð Jónas Ingi sig vel, var með einkunnina 13,366 úr báðum stökkunum og endaði einnig í 7. sæti.

### Verkefni framundan

- Íslandsmót
- Uppfærsla á fimleikastiganum sem tekur gildi haustið 2021
  - Markmið að ná að gera myndbönd af þrepunum með þessum stiga
  - Verður unnið á vinnufundum með þjálfurum líkt og gert var í síðasta stiga
  - Könnun um álit á núverandi stiga er í gangi
- Evrópumót í Sviss, apríl 2021
- Norðurlandamót, rafrænt mót, maí 2021
- Björn Magnús Tómasson fékk boð um að fara sem dómari á Ólympíuleikana í Tokyo 2020 sem haldnir verða í ágúst 2021

Tækninefnd karla þakkar nefndarfólki í tækninefnd áhaldafimleikum kvenna, fræðslunefnd og starfsfólki á skrifstofu fyrir gott samstarf.

Nefndin vill að lokum koma fram þökkum til allra þeirra sem lögðu henni lið á tímabilinu, en góð samskipti og samvinna aðildarféлага og starfsfólks skrifstofu við nefndir FSÍ er lykillinn að farsælu starfi hreyfingarinnar.

Formaður þakkar nefndarmönnum samstarfið þetta tímabil og vonast til að næsta tímabil verði með minni röskun.

F.h. Tækninefndar karla (TK)

Sigurður Hrafn Pétursson

Formaður

## Skýrsla nefndar um Fimleika fyrir alla (FFA)

### Nefnd Fimleika fyrir alla 2020-2021

- Rakel Másdóttir, formaður
- Fríða Rún Þórðardóttir
- Jórunn Dóra Sigurjónsdóttir
- Anna Hulda Ingadóttir
- Erla Ormarsdóttir
- Halla Karí Hjaltested, starfsmaður skrifstofu FSÍ

### Hlutverk nefndar

Nefnd um Fimleika fyrir alla er skipuð fimm nefndarmönnum. Nefndin leggur grunn að jákvæðri ímynd fimleika og stuðlar að fjölbreyttari þátttöku í fimleikum. Hlutverk nefndar um Fimleika fyrir alla er að auka fjölbreytileika iðkenda í fimleikum, styðja við fjölbreytta starfsemi og leggja áherslu á að þjónusta sé til staðar fyrir öll börn, á þeirra forsendum.

### Helstu verkefni á árinu

- Nefndin fundaði reglulega á tímabilinu og voru allir fundir haldnir með fjarfundabúnaði.
- Helsta verkefni nefndarinnar á síðasta tímabili var að vinna að nýjum reglum og fyrirkomulagi fyrir fimleika fyrir alla. Sú vinna gekk mjög vel og í voru reglur og leiðbeiningar tilbúnar.

### Viðburðir á árinu

Engin viðburðir voru haldnir á vegum nefndarinnar vegna samkomutakmarkanna og taldi nefndin óráðlegt að halda nýja viðburði við þær aðstæður sem voru upp í samfélaginu á síðasta ári.

### Verkefni framundan

Næstu verkefni nefndarmanna og starfsmanna FSÍ er að klára yfirferð á nýjum reglum og viðburðum sem stefnt er að hefja árið 2022.

F.h. Nefndar um Fimleika fyrir alla (FFA)

Rakel Másdóttir

Formaður